

1254. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. nóvember 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Jennifer Schröder og Ævar Þór Magnússon.

Næsti fundur: 13. desember 2023.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Hann óskaði eftir að gera dagskrárbreytingu þannig að Könnun um ofbeldi verði liður #8 og aðrir liðir færast til sem því nemur. Engar athugasemdir bárust við það.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1253. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1253. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór fór yfir stöðuna í kjaramálum og næstu skref. Miðstjórn Alþýðusambandsins fundaði í síðustu viku þar sem m.a. voru kynntar tillögur efnahags- og skattanefndar ASÍ í komandi viðræðum en þær verða ræddar frekar og sendar samninganefnd sambandsins. Farið var yfir kröfur og tillögur annarra nefnda sem enn eiga eftir að skila af sér lokatillögum til miðstjórnar.

Ragnar Þór sagði að vinna stæði yfir við að klára tillögur húsnæðisnefndar ASÍ. Fundað var í dag [08.11.2023], verið er að skoða danska húsnæðislánakerfið en áhugi er innan ASÍ að gera kröfu um endurskoðun þess íslenska og að komið verði á gangsæju og sanngjörnu húsnæðislánakerfi. Þá er einnig verið að vinna að húsaleigulögum í samstarfi við samtök leigjenda.



Á fundi miðstjórnar var einnig rætt formið á samninganefnd í komandi viðræðum en hún er nú samsett af formönnum landssambanda og stærstu félaga ASÍ ásamt forseta og varaforsetum sambandsins. Rætt var að útvíkka nefndina bæði hvað varðar fjölda og kynjaskiptingu. VR og SGS fá sitt hvorn áheyrnarfulltrúann.

Ragnar Þór sagði frá því að í síðustu viku hafi verið haldinn formannafundur sem hafi verið vel heppnaður. Hann telur mikla stemningu fyrir því að hreyfingin fari saman í viðræðurnar og er hann bjartsýnn á að það takist.

Þá skýrði Ragnar Þór frá því að fundað hafi verið með Samtökum atvinnulífsins vegna forsendubrests núgildandi kjarasamnings. Í samningnum er kveðið á um skipan forsendunefndar sem meta eigi forsendur um þróun verðlags, ef verðbólga fer yfir kostnaðarmat samningsins þurfi samningsaðilar að bregðast við. Þessi forsenda er ekki inni í öllum samningum á almenna markaðnum, en er í samningum VR og iðnaðarmanna.

Ragnar Þór sagði að fulltrúum Eflingar og SGS hafi verið boðið að sitja fundinn með SA. Á fundinum hafi verið kallað eftir viðbrögðum. Samtök atvinnulífsins hafi viljað hefja viðræður um nýjan kjarasamning strax. Ragnar Þór sagðist vilja ræða stöðuna betur, t.d. ætti eftir að ræða þætti sem stangast á í kröfum félaganna eins og hugmyndafræði launaliðarins. Hann benti á að mesti ávinningur saminganna fái í gegnum kerfisbreytingar og tilfærslukerfin.

Ragnar Þór mun kalla samninganefndina saman fljótlega til að ákveða næstu skref. Skila þarf inn viðræðuáætlun 22. nóvember og kvaðst hann vonast til að hægt væri að skila sameiginlegri áætlun hreyfingarinnar. Hann óskaði eftir því að stjórnarmenn láti vita með vilja sinn að taka virkan þátt í komandi viðræðum og benti á að komið yrði til móts við þá stjórnarmenn sem þyrftu að taka frí frá vinnu vegna þessa. Launanefnd félagsins muni koma saman til að ræða útfærslu á því.

Umræður

Í umræðum kom fram að öll gögn og líkön frá hagdeild VR, vegna útreikninga á launalið, muni liggja fyrir fljótlega og var það vegna fyrirspurnar frá Sigríði Lovísu Jónsdóttur.

Þórir Hilmarsson óskaði eftir að bókað yrði að hann teldi verslunarfólk hafa dottið milli skips og bryggju í seinustu tveimur kjarasamningum og lagði áherslu á það við stjórnarfólk að launatöflur verslunarfólks yrðu uppfærðar í næstu samingum. Starfsfólk í hótél móttöku væri farið fram úr sérhæfðu starfsfólki í verslun. Starfsfólk í verslun fengi ekki styttingu vinnuvikunnar nema nema í mjög fáum krónum í stað styttingar.

Að loknum umræðum lagði Ragnar Þór til að varaformaður VR, Selma Björk Grétarsdóttir, yrði áheyrnarfulltrúi VR í samninganefnd ASÍ.

Hann kallaði eftir öðrum tilnefningum.



Halla Gunnarsdóttir kvaðst hafa talið augljóst að hún ætti að sitja í samninganefnd ASÍ sem fulltrúi VR í ljósi formennsku sinnar í efnahags- og skattanefnd. Á formannafundi ASÍ hafi komið fram ákall um það, tillögur nefndarinnar verði þunginn í kröfunum á stjórnvöld. Hún taldi að reynsla sín og þekking á efnahagsmálum, stjórnámálum og ríkisfjármálum geti komið að miklu gagni. Hún hafi reynslu hér heima, fylgist vel með alþjóðlegri umræðu, sem skipti gríðarlegu máli í áróðursstríðinu, og sé í beinu sambandi við suma af leiðandi hugsuðum heims á þessu sviði. Halla lagði áherslu á að hún væri ekki með neinum hætti að varpa rýrð á Selmu. Telji Selma, formaður og stjórnarfolk betur fara á því að Selma sitji þarna inni sem fulltrúi VR, þá sé það svo. Halla óskaði eftir því að þessi afstaða hennar yrði bókuð.

Umræður

Í umræðum óskaði Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir eftir því að bókað yrði að hún teldi Höllu sterkasta kandidatann til setu í nefndinni, Halla hafi lýst yfir vilja til þess að taka þetta að sér og hafi til þess þekkingu og kunnáttu.

Í umræðum óskaði Ævar Þór Magnússon eftir kosningu.

Halla hafnaði því að fara með málið í atkvæðagreiðslu, markmiðið væri að ná breiðri samstöðu og vildi hún ekki setja stjórnina í þá stöðu að þurfa að greiða um þetta atkvæði.

Halla Gunnarsdóttir vék af fundi kl. 19:20.

Ragnar Þór óskaði eftir að lengja fund til kl. 22:00. Engar mótbárur voru við því.

2. Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2024

Fyrir fundinum lágu skjölin „Áætlun samstæða VR árið 2023 – nóvember“; „Rekstraráætlun á sjóði VR árið 2023 – nóvember“ og „Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir VR árið 2024“ til kynningar og liggja milli funda til samþykktar á fundi stjórnar í desember.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fór yfir starfs- og fjárhagsáætlun VR fyrir árið 2024. Grunnforsendur áætlunarinnar eru m.a. að félagsfólki fjölgi um 1,9% á árinu 2024 og að verðbólga verði 4,9% Vænt meðalávöxtun verðbréfasafna er áætluð 7,4%, raunávöxtun 2,4%.

Stefán segir rekstraráætlun 2024 gera ráð fyrir svipuðum rekstri og verið hefur. Gert er ráð fyrir að tekjur verði 6,9 ma.kr. sem er um 20% hækkun frá fyrra ári, og að gjöld verði 6,4 ma.kr. sem er um 22% aukning milli ára. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði er áætlaður um 435 m.kr.

Stefán fór yfir stöðu verkefnahópa en hjá VR eru stærri verkefni unnin með fyrirkomulagi verkefnahópa. Sjö verkefnahópar eru starfandi, þar á meðal hópur um nýtt orlofshúsakerfi, og gert er ráð fyrir þremur nýjum hópum á næsta ári, þar á meðal um nýtingu gervigreindar í auknum mæli.

Stefán fór yfir stöðu Sjúkrasjóðs félagsins en áætluð hækkun iðgjalda sjóðsins er 9,4% á milli ára. Sjúkradagpeningar eru áætlaðir 2,5 ma.kr. sem er um 14% hækkun. Reiknað er með að dagpeningar verði 76% af iðgjaldatekjum sjóðsins 2024.

Hvað orlofssjóð varðar er gert ráð fyrir að fjárfestingar sjóðsins á árinu verði um 214 m.kr. Áætlað er að taka í notkun þrjú ný hús á árinu. Félagið á nú 85 orlofshús.

Gert er ráð fyrir að framlag í VR varasjóð verði 1.050 m.kr. á árinu 2024 eða 145 m.kr. hærra en 2023.

Stefán fór einnig yfir helstu verkefni sem framundan eru á árinu, til dæmis sem varða herferðir, auglýsingar og viðburði svo eitthvað sé nefnt.

Umræður

4. Aðgerðaráætlun starfsmenntanefndar

Fyrir fundinum lágu skjölin „Menntastefna VR 2023 – 2025“ og „Starfsmenntanefnd kynning f.stjórn VR nóv 2023“ til kynningar og skjalið „Aðgerðaráætlun í starfsmenntamálum 2023 – 2025“ til afgreiðslu.

Jónas Yngvi Ásgrímsson, formaður starfsmenntanefndar VR, sagði aðgerðaráætlun nefndarinnar byggja á starfsmenntastefnu félagsins 2023-2025. Hann fór yfir helstu atriði í starfsmenntamálum félagsins og byrjaði á að fara stuttlega yfir samstarfssamning VR og SVÞ sem undirritaður var fyrir á árinu og fjallað var um á fundi nefndarinnar í mars. Vinna við að ná markmiðum samningsins er þegar hafin en hún felur m.a. í sér stöðukannanir meðal félagsfólks í verslun og stjórnenda reglulega til ársins 2030. Þetta er stærsta verkefni nefndarinnar en markmið samningsins er m.a. að 80% starfsfólks í verslun og þjónustu sækji sér sí- og endurmenntun.

Þá má nefna aukið framboð af fræðslu og námskeiðum fyrir félagsfólk, í formi fyrirlestra og námskeiða sem og sérstakra námskeiða fyrir trúnaðarfólk.

Þá fór Jónas yfir þá viðamiklu fræðslu sem VR stendur fyrir í grunn- og framhaldsskólum en VR hefur farið með fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði í grunnskóla í meira en 20 ár. 75% grunnskóla á félagssvæði VR hafa þegar óskað eftir kynningum. VR-Skóli lífsins verður 10 ára á næsta ári en hann felur í sér kynningu um vinnumarkaðinn fyrir lokaársnema í framhaldsskólum. Tæplega 10 þúsund nemendur hafa sótt skólann frá því hann var stofnaður 2014.

Umræður

Að loknum umræðum var aðgerðaráætlun í starfsmenntamálum lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

5. Verkefnafjármögnun á VR blæ leigufélagi slhf.

Fyrir fundinum lá skjalið „VR Blær leigufélag fjármögnun nóv 2023“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir fjármögnun verkefnis VR Blæs í Úlfarsárdal sem gengur samkvæmt áætlun en félagið er að byggja 36 íbúða fjölbýli. Verkið hefur hingað til verið fjármagnað með eiginfjárframlagi VR en reiknað var með því að sækja fjármögnun á byggingatímanum til banka, eins og Bjarg íbúðafélag hefur gert. Heildarkostnaður er áætlaður um 1,9 ma.kr. en fjármagnskostnaður á byggingatíma er áætlaður 107 m.kr.

Á fundinum var rætt hvort sjóðir félagsins eigi að koma að fjármögnun á verkinu á byggingatíma í stað þess að VR Blær leiti til banka. Í því tilliti er litið til vaxtakjara Bjargs og myndi VR fjármagna verkið á sambærilegum kjörum.

Umræður

Í umræðum spurði Sigríður Lovísa hvort stjórn þurfi að fá utanaðkomandi ráðgjöf áður en þessi ákvörðun verði tekin.

Jennifer Schröder hafði yfirgefið fundinn þegar hér var komið, kl. 20:35.

Að umræðum loknum var lögð fyrir stjórn tillaga þess efnis að VR annist verkefnafjármögnun íbúðanna.

11 greiddu atkvæði með tillögunni.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir bókaði hjásetu.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir bókaði hjásetu.

Málið fer nú fyrir trúnaðarráð en samþykki bæði stjórnar og trúnaðarráðs þarf til ef sjóðir félagsins eiga að koma að fjármögnun á verkinu.

6. Breytingar á reglum Öldungaráðs VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Minnisblað til stjórnar – Breyting á starfsreglum Öldungaráðs VR“ til afgreiðslu.

Bjarni Þór Sigurðsson, sem sæti á í Öldungaráði VR, kynnti tillögur að breytingum á reglum Öldungaráðs en markmiðið er að samræma reglur ráða af þessu tagi.

Umræður

Í umræðum var samþykkt að Öldungaráð verði stjórn VR ráðgefandi um málefni sem tengjast félagsfólki 60 ára og eldri í stað 65 ára og eldri eins og segir í eldri reglum. Þá er einnig gerð ein orðalagsbreyting, orðinu starfsmaður breytt í starfskraftur.

Reglurnar voru samþykktar mótatkvæðalaust með þessum breytingum og eru sem hér segir (að teknu tilliti til breytinganna):

Starfsreglur og hlutverk Öldungaráðs VR

1.gr.

Öldungaráð VR er umræðu- og samráðsvettvangur eldra fólks í félaginu. Öldungaráð VR skal vera stjórn VR ráðgefandi um málefni sem tengjast eldra félagsfólki, 60 ára og eldra.

Markmið ráðsins er að sjá til þess að hagsmunamál eldra félagsfólks séu ávallt á dagskrá félagsins. Hlutverk öldungaráðs VR er að:

Gæta að hagsmunum eldra félagsfólks VR.

Veita eldra félagsfólki VR vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri.

Hvetja eldra fólk til þátttöku í verkalýðsbaráttunni, hafa áhrif á samfélag sitt og berjast fyrir auknum lífsgæðum.

Í samvinnu við önnur stéttarfélög og hagsmunasamtök eldri borgara standa fyrir rannsóknum, viðburðum og ráðstefnum til stuðnings baráttu eldra félagsfólks.

Álykta um málefni og baráttumál eftir því sem við á, til stuðnings stefnu VR í málefnum eldra fólks.

2.gr.

Öldungaráð VR skal skipað sex fulltrúum, sem skipta sjálfir með sér verkum. Í Öldungaráð VR er skipað annað hvert ár þar sem þrjú eru kosin af félagsfólki, 65 ára og eldra, til tveggja ára í senn, auk tveggja til vara. Sú kosning fer að jafnaði fram að afloknum kosningum til stjórnar VR. Þrjú eru tilnefnd af stjórn VR á fyrsta stjórnarfundum eftir að kosning til Öldungaráðs fer fram og að auki situr formaður VR jafnan í Öldungaráði VR með fullan atkvæðarétt. Leitast skal við að í ráðinu sé jöfn kynjaskipting. Ráðið hefur starfskraft VR sér til handa.

3.gr.

Öldungaráð VR fundar að jafnaði annan hvern mánuð eða oftár ef þurfa þykir. Ráðið kemur hugmyndum til stjórnar félagsins til nánari ákvarðana og framkvæmda.

7. Breyting á dánarbótum í Sjúkrasjóði VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Dánarbætur tillögur að breytingum nív 23“ til afgreiðslu.

Tilhögun dánarbóta hjá VR í dag er sem hér segir: Dánarbætur fullgildra VR félaga eru 500 þ.kr. og barna félaga 800 þ.kr. Lágmarksdánarbætur virkra félaga skv. reglum ASÍ eru í dag 497.732 kr. Dánarbætur eldri VR félaga eru frá 210 þ.kr. til 350 þ.kr., eftir hjúskaparstöðu. Allir eldri félagar eiga rétt á dánarbótum.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir eftirfarandi tillögur að breytingum en málið hefur nokkrum sinnum verið rætt í stjórn.

Tillaga #1

Dánarbætur til fullgilds félagsfólks verði 1 m.kr. og sama upphæð verði greidd til eftirlifandi barna, 1 m.kr. fyrir hvert barn. Dánarbætur vegna andláts barns félaga verði einnig 1 m.kr.

Þá er gert ráð fyrir að eldri félagar fái dánarbætur að upphæð 1 m.k., sem lækki jafnt og þétt næstu fimm ár en falli þá niður.

Tillaga #2

Sömu dánarbætur til fullgilds félagsfólks og eftirlifandi barna sem og vegna andláts barns félaga og segir í tillögu #1.

Dánarbætur eldri félaga verði 1 m.kr. í upphafi en lækki svo niður í 350 þ.kr. á fimm árum og haldist þannig. Dánarbætur yrðu þannig greiddar vegna alls eldra félagsfólks.

Tillaga #3

Dánarbætur til fullgilds félagsfólks verði 712 þ.kr. en bætur til eftirlifandi barna verði 800 þ.kr. fyrir hvert barn. Vegna andláts barns verði greiddar dánarbætur að upphæð 712 þ.kr.

Þá er gert ráð fyrir að dánarbætur vegna eldri félagar verði 712 þ.kr. sem lækki jafnt og þétt næstu fimm ár niður í 350 þ.kr. og haldist þannig. Dánarbætur yrðu þannig greiddar vegna alls eldra félagsfólks.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, sagði stjórn sjóðsins hafa verið einhuga í stuðningi við tillögu #1.

Umræður

Greidd voru atkvæði um tillögur #1 og #3, ekki kom til atkvæðagreiðslu um tillögu #2.

Tillaga #1 fékk alls 7 atkvæði og telst ekki samþykkt.

Tillaga #3 fékk alls 8 atkvæði og telst samþykkt.

8. Könnun um ofbeldi í starfi

Fyrir fundinum lágu skjölin „Könnun um ofbeldi og áreitni á vinnustað niðurstöður nóv 2023“ og „Samþykkt ILO C-190“ til kynningar.

Stefán sagði frá því að könnun hefði verið lögð fyrir félagsfólk VR um ofbeldi og áreitni í starfi. Markmiðið var að kortleggja umfang og eðli vandans hér á landi en rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi og áreitni á vinnustað er umfangsmikið vandamál víða. Þá er markmið með könnuninni að taka þátt í 17. nóvember sem er helgaður baráttunni gegn ofbeldi í verslun og í þriðja lagi að taka umræðuna um ILO-190, samþykkt Alþjóðavinnuáráðs frá 2019 gegn ofbeldi og áreitni í starfi sem enn bíður samþykktar Alþingis.

Í könnuninni var stuðst við skilgreiningu ILO, Alþjóðavinnuáráðs frá 2019, á áreitni og ofbeldi í starfi. Sú skilgreining er víð og getur falist í öllu frá dónalegri framkomu yfir í alvarlegt líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi.

Helstu niðurstöður voru þessar:

- 54% VR félaga hafa upplifað áreitni eða ofbeldi í starfi einhvern tímann á starfsferlinum. Konur hafa frekar upplifað áreitni eða ofbeldi, sérstaklega yngri konur eða 67% kvenna á aldrinum 25-34 ára. Þá hafa 60% erlendra félaga upplifað áreitni og ofbeldi.
- 18% VR félaga hafa upplifað áreitni eða ofbeldi í starfi á síðustu 12 mánuðum. 9% VR félaga hafa upplifað áreitni eða ofbeldi í starfi fjórum sinnum eða oftar á síðustu 12 mánuðum.
- 23% VR félaga hafa fengið ósanngjarna gagnrýni á störf sín á síðastliðnum 12 mánuðum. Um 18% hafa orðið fyrir særandi eða niðurlægjandi hegðun fyrir framan aðra, 8% hafa orðið fyrir ógnandi hegðun eða hótunum, 6% hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni og 1% hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi.
- 52% VR félaga sem hafa orðið fyrir áreitni eða ofbeldi í starfi tilkynntu atvikið og af þeim var helmingur óánægður með viðbrögð vinnustaðarins.

Þá að vekur athygli að starfsfólk er meira en tvöfalt líklegra til þess að hafa orðið vitni að áreitni eða ofbeldi á vinnustað ef það er ekki fyrirliggjandi áhættumat eða viðbragðsáætlun.

Stefán sagði að fyrirhugað væri að fara út með þessar niðurstöður í frétt á vef félagsins og samfélagsmiðla, birta greinar í fréttamiðlum og birta auglýsingar til að vekja athygli á þessu brýna málefni.

Hann benti jafnframt á að í málinu væri að finna umfjöllun um samþykkt Alþjóðavinnuáráðs frá 2019, C-190, sem tekur á ofbeldi og áreitni á vinnumarkaði en sú samþykkt liggur nú fyrir Alþingi.

Umræður

9. Samkomulag vegna aðildar arkitekta að Sjúkrasjóði VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Tillaga að samkomulagi við arkitekta vegna aðildar þeirra að Sjúkrasjóði VR“ til kynningar.

Stefán fór yfir tillöguna en framkvæmdastjórinn fékk umboð stjórnar til að ganga frá samkomulagi við arkitekta. Þetta er eini hópurinn sem ekki er í VR en á aðild að Sjúkrasjóði og er nú stefnt að því að ljúka þeirri aðild. Tillögurnar fela m.a. í sér greiðslu uppgjors inn á VR varasjóð arkitekta og að ekki verði tekið við nýjum arkitektum inn í sjóðinn nema viðkomandi sé jafnframt félagi í VR.

Verið er að undirbúa samning um þetta sem verður lagður fyrir arkitekta og stjórn VR.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:00

